

Nd. 173. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á lögum nr. 55 25. apríl 1973, um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

C-liður 1. gr. laganna orðist svo: 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (annarra en þeirra sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum). Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 55 25. apríl 1973, um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. lög nr. 33/1970, var sú breyting gerð á 4. gr. laga um Fiskveiðasjóð, að bætt var inn í nýjum tekjustofni, sem er 1% útflutningsgjald af fob-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum. Hins vegar var ráð fyrir því gert, að gjald þetta næði aðeins til sjávarafurða, sem framleiddar væru á tímabilinu frá 1. júlí 1973 til 31. desember 1975.

Með frumvarpi þessu er lagt til að felld verði niður ofangreind tímamörk.

Þegar gjald þetta var lagt á með lögum nr. 55/1973, var jafnframt ákveðið að jafnhátt framlag úr ríkissjóði yrði veitt til Fiskveiðasjóðs. Rétt þykir að þessi framlagskylda ríkissjóðs haldist áfram óbreytt á meðan útflutningsgjald þetta er innheimt af útfluttum sjávarafurðum.